

Tímamót

SÁLFRÆÐIÞJÓNUSTA Í MOLUM

Sonur minn fór í gegnum alla sína fangavist án þess að hitta sálfræðing eða geðlækni.

Meðferðardeild hefur ekki tekið til starfa

2. TBL. 5. ÁRG.

DESEMBER 2007

Útgefandi:

AFSTAÐA - félag fanga.

Ritstjóri:

Sigurbjörn S. G.

Ritstjórn / Ábyrgð:

Sigurbjörn S. G.

Rúnar B. M.

Stjórn AFSTÖÐU:

Magnús E.

Rúnar B.

Sigurbjörn S. G.

Ólafur H. M.

Atli H.

Greinarhöfundar:

Magnús E.

Sigurbjörn S. G.

Ólafur H. M.

Sr. Hreinn H.

Rúnar B. M.

Ljósmyndir:

Sigurbjörn S. G.

O.fl.

Setning og umbrot:

Sigurbjörn S. G.

Prófarkalestur:

Jón P.

Dreifing:

Sent til allra fangelsa á landinu, stjórnvalda og fjölmiðla. Auk annarra tengdra samtaka og stofnanna.

TÍMAMÓT

Litla - Hrauni

820 Eyrabakka

afstada@timamot.is

www.timamot.is

Allar greinar blaðsins má nota að vild sé heimilda getið.

Upplýsingar um innihald blaðsins gefur ritstjórn þess í síma 480 9000.

Tímamót

FRÉTTABLAÐ FANGA Á LITLA - HRAUNI

RITST. PISTILL

Sálfræði- og geðlæknapjónusta hefur verið föngum og aðstandendum þeirra mjög hugleikið síðustu ár og þó sérstaklega upp á síðkastið eftir að tveir fangar féllu frá í fangelsinu á Litla – Hrauni. Þar fyrir utan hafa þrír aðrir fyrrverandi fangar fallið fyrir eigin hendi á síðustu mánuðum. TÍMAMÓT fjallar um þá stöðu sem fangar búa við í dag hvað þessa þjónustu varðar. Margar spurningar vöknudðu við vinnslu þessa blaðs, hvað varðar betrun og sálhjálp fanga. Þar virðist pottur vera víða brotinn í þeim málum.

Ritstjóri veltir því fyrir sér hvort það sé krafa almennings að fangavist einstaklinga sé einungis unnin útfrá réttaröryggi en ekki betrun. Með tímanum eiga allir fangar landsins kost á því að snúa aftur út í samfélagið, sem hefur á þeim tíma sem þeir voru vistaðir í fangelsi tekið miklum breytingum. Þar sem lítil fræðsla og uppbygging einstaklingsins fer fram innan fangelsisins fyrir losun hans í samfélagið óttast hann frelsið. Fanginn er orðinn andfélagslega sinnaður. Er það ekki krafa almennings, eins og það er krafa að loka menn inni að þeir komi betri út úr fangavist sinni, að þeir hafi snúið frá sinni vafasömu hegðun? Hvernig væri þá að leiðbeina mönnum á rétta braut, heldur en að loka þá inni í einhver ár og ekkert athugað með viðkomandi. Ritstjóri bindur þó miklar vonir við meðferðar- og vistunaráætlun, þar sem greina á hvern og einn sem tekur út dóm og miða fangavist hans út frá því, það er ef áætlun fer þá einhvern tíman í gagnið, hún átti að taka til starfa árið 2005.

Það er eins og yfirvaldið sé afskaplega sofandi hvað fangelsismál varðar, menn ræða um stækkun fangelsa og nýbyggingar en gleyma þeim einstaklingum sem þar eru, ástæða þess að fangelsi eru, það eru jú fangarnir sjálfir sem veita þessum einstaklingum vinnu. Virðingarleysið í garð fanga er augljóst og eru þeir minntir reglulega á að þeir séu lægstir í metorðastiga samfélagsins. Sama hvert leitað er virðast vera lokaðar dyr, eins og flestir vilji ekki eiga samskipti við þennan vafasama hóp. Það er löngu orðið tímabært að almenningur opni augun og geri kröfur til yfirvalda um að fangar fáið betrun.

Meðferðardeild hefur enn ekki tekið til starfa ...


Síðla árs 2006 átti AFSTAÐA fund með yfirstjórn fangelsismála landsins, fyrst forstöðumanni Litla-Hrauns og deildarstjórum hans en síðar forstjóra fangelsismálastofnunarinnar og afbrotafræðingi stofnunarinnar. Viðræðurnar snérust um forvarnastarf í fangelsinu Litla-Hrauni, þar sem megin þorri afbrotamanna landsins eru vistaðir. Var þetta gert vegna gífurlegrar fíkniefnanotkunar í fangelsinu sem m.a. varð fréttuð á skjám landsmanna. AFSTAÐA vildi með þessu sporna við þeirri þróun sem komið var upp í fangelsismálum landsins og hvetja vistmenn stofnunarinnar til að snúa baki við þessari vá sem steðjaði að fangelsismálunum. Í því samhengi lagði AFSTAÐA í auglýsingaherferð, sem iðulega sást á skjá landsmanna, sem og á veggspjöldum fjölfarinna staða á höfuðborgarsvæðinu. AFSTAÐA lagði til í framhaldinu að þessi herför yrði fyrst að koma fram innan frá og í því samhengi yrði að koma á stofn meðferðardeild innan fangelsanna. Þessi umræða var ekki ný af nálinni frekar en vímuefnavandinn.

Meðferðarstofnanir landsins hafa árum saman fúlgað við föngum og enn þann daginn í dag hafa meðferðarstofnanirnar ekki viljað taka við föngum í upphaf afplánunarinnar, þannig að afeitrun fangans hefur í allflestum tilvikum farið fram í einangrun fangelsisins með tilheyrandi vandkvæðum, bæði fyrir fangann en ekki síst fyrir starfsmenn stofnunarinnar, sem margir hverjir hafa ekki kunnáttu í að leysa úr. Meðferðarstarfið hlýtur þá að þurfa að koma innan frá.

Nú er svo komið að fangar geta átt kost á að fá að ljúka afplánun sinni í meðferð, sem líta má að sé visst skref fyrir einstaklinginn út í samfélagið, en það kemur ekki til með að leysa vímuefnavanda hans í afplánun sinni. Oft hafa fangar fleygt því fram að þeir komi til með að taka sig á eftir að þeir losna. Þeir hafi reynt að fá aðstoð innan fangelsisins vegna vímuefnavanda síns en ekki fengið. Fanginn hefur því verið í annarlegu ástandi alla sína fangavist, hvort heldur sem löng eða stutt sé. Virðist því vera að horft sé einungis úr fjarka á viðkomandi, en fátt gert til að aðstoða hann. Enda má lesa það út úr ítrekunartíðni afbrota á Íslandi.

Meðferðardeild hlýtur samkvæmt heiti sínu að vera meðferð, hvort heldur sé við vímuefnavanda eða annars konar fíkn. Henni ætti því að vera haldið einangraðri frá öðrum deildum fangelsanna til þess fallinn að skila árangri. Aðhald og stuðningur fæli því í sér að leiðbeina mönnum út úr viðjum vandans með viðurkenndum aðferðum sem hafa sannað sig. Hér væri ekki verið að finna upp hjólið. Ætlast væri af þátttakendum að þeir sinntu eingöngu meðferðarstarfinu enda án þess væri ekki vænlegast um árangur. Greinarhöfundur er enginn sérfræðingur í meðferðarmálefnum enda lætur hann sérfræðinga á því sviði um framkvæmdina, en bendir þó á vissa annmarka, sem greindir eru hér að ofan, sem gæti orðið uppi á teningum hjá fangelsisyfirvöldum.

Þrátt fyrir að nú sé liðinn meira en ár síðan að AFSTAÐA átti fund með fangelsisyfirvöldum hefur ekkert gerst í þessum málum. Fangelsisyfirvöld virðast ráðþrota í þessum málaflokki. ■



“Meðferðardeild hlýtur samkvæmt heiti sínu að vera meðferð”.



Betrún fanga ekki höfð að leiðarljósi ...

Mikil umræða hefur verið á síðastliðnum árum um þá sálfræðipjónustu sem veitt er füngum í fangelsinu á Litla-Hrauni. AFSTAÐA, félag fanga hefur gagnrýnt þá litlu þjónustu sem veitt er í fangelsinu. Dæmi eru um það að fangar hafa farið í gegnum fangavist sína án þess að hitta sálfræðing eða geðlækni. Aðstandendur fanga eru áhyggjufullir yfir líðan þeirra aðstandenda og hafa haft samband við AFSTÖÐU og lýst yfir áhyggjum sínum. Móðir eins fanga sagði í samtali við TÍMAMÓT að sonur hennar hafi farið í gegnum fangavist sína án þess að hitta sálfræðing eða geðlækni. Sonur hennar kom ekki betri út úr fangavist sinni, hann eigi nú við fíkniefnavanda að etja og hefur hún áhyggjur af því að sonur hennar komi aftur inn í fangelsi og að hann sé langt frá því að vera andlega stemmdur til að takast á við aðra afplánun og sérstaklega ef hann fær enga sérfræðipjónustu.

Í maí 2005 var samþykkt á Alþingi breytingar á lögum nr. 49/2005 um fullnustu refsinga. Þar er gerð sú krafa að fangelsismálastofnun ríkisins meti hvern og einn einstakling sem kemur til afplánunar. Það mat skal svo gert reglulega í fangavist viðkomandi. Nú í lok árs 2007 hefur þessi framkvæmd ekki komið enn til, þó segir Erlendur Baldursson afbrotafræðingur hjá fangelsismálastofnun að áætlunin sé kominn í gagnið að hluta til. Sú framkvæmd er einungis gerð fyrir hluta fanga í Hegningarhúsinu, að hans sögn, en hefur ekki náð til fanga á Litla – Hrauni, þar sem þorri íslenskra fanga er vistaður. Árið 1998 tók Pyntingarnefnd Evrópu, CPT, út fangelsiskerfið á Íslandi. Þá setti nefndin út á að ekki væri til meðferðar- og vistunaráætlun fyrir fanga, sama ár sviptu þrír fangar sig lífi á Litla – Hrauni. Árið 2005 ítrekaði nefndin athugasemdir sínar, þar sem ekkert virtist hafa verið gert í þessum málum. Eins og fyrr greinir var sú athugasemd sett í lög árið 2005, en fangelsismálastofnun kom t.a.m. að þeirri breytingu laganna. Ef miðað er við frá þeim tíma sem nefndin kom fyrst með athugasemd sína má ætla að fangelsismálastofnun ríkisins hafi haft nægan tíma til að setja þá greiningu í framkvæmd.

Sálfræði- og geðlæknaþjónustu á Litla – Hrauni hefur verið gagnrýnd í gegnum árin. Helgi Hjartarson sálfræðingur starfaði hjá Fangelsismálastofnun ríkisins um skeið. Hann sagði í blaðaviðtali 27. mars árið 1998 að skortur væri á

geðheilbrigðisþjónustu í fangelsinu á Litla – Hrauni. En geðlæknaþjónusta hefur verið í molum síðan hann tók við störfum hjá stofnunni. Helgi hætti störfum hjá fangelsismálastofnun þremur vikum eftir umrætt viðtal. Helgi talaði einnig um það í blaðaviðtalinu um tregðu geðdeilda til að taka við füngum sem eru í mjög sjúklegu ástandi, þrátt fyrir beiðni vörsluaðila eða lækna. Sú staða er söm daginn í dag, ef miðað er við þær viðtökur sem AFSTAÐA, félag fanga hefur fengið. Félagið hefur aðstoðað fanga sem eiga við geðræn vandamál að etja, að komast í meðferð á geðdeildum, það hefur engan árangur borið. Eina úrræðið sem hefur þá verið notað er að koma hinum sjúka fanga fyrir í einangrun og undir eftirlit fangavarða þar. Helgi talar svo um það í lok viðtalsins að fangar væru á lyfjum án þess að hægt væri að átta sig á tilganginum. Þar virtist sem lyf kæmu í stað sálfræðiaðstoðar sem líklegri væri til að bæta úr líðan einstaklings til lengri tíma litið. Mörg lyf eru á svokölluðum bannlista í fangelsinu. Þar að leiðandi eru fangarnir allir meðhöndlaðir á sama hátt, þrátt fyrir mismunandi kvilla, hvers og eins. Samkvæmt upplýsingum sem TÍMAMÓT hefur undir höndum þá má rekja síðasta dauðsfall á Litla – Hrauni til morfinlyfja sem honum var gert að taka samkvæmt læknisráði.





Frá árinu 1998 hafa sex einstaklingar tekið sitt eigið líf í fangelsum landsins og einn til viðbótar lést vegna lyfjagjafar nú fyrir stuttu. Þar af sex á Litla – Hrauni. Á síðustu mánuðum sviptu þrír fyrrverandi fangar, sem greinarhöfundur er kunnugt um sig lífi, sem allir höfðu öðlast reynslulausn. Þeir voru frjálsir menn, þó átti einn þeirra von á fangelsisdómi. Tveir sálfræðingar sem eru starfsmenn fangelsismálastofnunarinnar sjá um alla fanga landsins, hvort sem þeir eru í fangelsi, samfélagsþjónustu, eru á leið í fangelsi eða á reynslulausn. Sá fjöldi er áætlaður um 400 einstaklingar. Sálfræðingarnir annast einnig aðstandendur fanganna ef óskað er. Þó má geta þess að fangaprestur er sálusorgari fanga. Hann heimsækir fangelsi landsins í nokkur skipti á ári.

Ef tekið er mið af ofangreindu og þeim orðum sem Valtýr Sigurðsson fangelsismálastjóri lét eftir sér hafa í greinagerð um markmið í fangelsismálum, en þar sagði hann meðal annars að tilgangur með rekstri fangelsa er að fullnusta refsidóma, þannig að dæmdir menn taki út þá refsingu sem þeim hefur verið ákvörðuð í dómi. Fangelsismálastofnun telur einnig að það sé meginmarkmið með fangelsun að hún fari fram með öruggum hætti þannig að réttaröryggi

almennings sé tryggt og tilætlun sérstök og almenn varnaðaráhrif fangavistarinnar sé virt. Með þetta að markmiði, þar sem ekki er fjallað um uppbyggingu einstaklingsins og undirbúning hans undir losun í samfélagið hefur ekkert gerst til bóta í sálhjálp fanga, þó sérstaklega á Litla – Hrauni.

Fangar hafa beðið til margra mánaða að hitta sálfræðing eða geðlækni og sumir ekki átt kost á því. TÍMAMÓT veit til þess að einn fangi á Litla - Hrauni náði eftir að hafa kært sálfræðiþjónustuna til Umboðsmanns Alþingis að kría út hálfsmánaðarlega tíma. Sá fangi var svo vistaður á áfangaheimili, þar sem hann fékk litla sem enga sálfræðiþjónustu. Hann braut svo reglur áfangaheimilisins og var fluttur aftur til afplánunar á Litla – Hrauni. Fangelsismálastjóri lét svo þau orð falla að fanginn hefði ekki verið tilbúinn fyrir þetta opna úrræði. Hann hefði þó hlotið góða og mikla sálfræðiþjónustu að hans mati. TÍMAMÓT veit til þess að þessi umræddi fangi fær nú nánast enga sálfræðiþjónustu á Litla – Hrauni þrátt fyrir það sem á undan er gengið, en hann eins og allir fangar losna með tímanum. Í hvert skipti sem alvarlegur atburður á borð við sjálfsvíg kemur upp í fangelsum landsins er lofað úrbótum. AFSTAÐA, félag fanga kallar eftir þessum úrbótum og hvetur ráðamenn þjóðarinnar að grípa í taumanna og snúa þeirri þróun við að breyta fangelsum úr geymslustöðum í betrunarstaði. ■



“Sonur minn fór í gegnum alla sína fangavist án þess að hitta sálfræðing eða geðlækni”.



Það var óvissan sem var að fara með mig ...

„Farðu þarna inn og klæddu þig úr öllum fötunum. Það er sloppur þarna sem þú ferð í, við fylgjum þér svo að sturtunni“, þetta var það fyrsta sem fangaverðirnir sögðu við mig er ég kom í einangrun í fangelsinu. Því næst lokaðist hurðin á hæla mér og kalt vatn streymdi niður úr loftinu. Í horninu við bláu járn dyrnar var hnappur. Ég starði á hann og vissi ekki alveg hvað hann var að gera þarna, líkt og ég áttaði mig ekki í fyrstu hvað ég var að gera þarna kviknakinn í einangrun á Litla – Hrauni. Eftir að ég hafði kælt mig niður og vatnið hætti að streyma settist ég á gólfið og hugsaði mín mál. Það eina sem kom upp í huga mér var setningin: „Hvað hefurðu gert?“ Fótatak heyrðist og þungt högg glumdi inn í huga mér. Því næst opnuðust dyrnar og mér réttur blár galli, sem ég átti að klæðast. Á peysunni stóð „Gæsluvarðhald“. Því næst fylgdu tveir fangaverðir mér að klefa og enn lokaðist þung járnhurð á hæla mér. Ég settist á rúm sem var boltað í gólfið og horfði á hurðina, hugsandi með mér: „Hvenær ætli þær opnast?“ Þannig hefur fangavist mín verið öll þessi ár, lokaðar dyr hvert sem leitað er. Óvissa hvenær dyrnar opnast og ég fái að sjá dagsljósið á nýjan leik.

Eftir dágóða stund í einangrun var mér sleppt, ég fór heim og önnur einangrun tók við. Læstar dyr, dregið fyrir glugga og síma ekki svarað. Fyrsta daginn sem „frjáls“ maður hafði ég samband við mína fjölskyldu og vini. Greindi þeim frá hvað ég hafði gert. Ég vissi það að ef ég ætti að bæta mig, varð ég að leggja öll spilin á borðið.

Ég beið í rúmt ár eftir að ég var handtekinn og ég kom til vistunar í fangelsi, mikið hefði ég vilja hefja afplánun strax og ljúka þessum árum sem fyrst. Ég mætti ásamt konu minni í Hegningarhúsið, varð að mæta fyrir miðnætti til þess að sá dagur teldist með í afplánun minni. Þar fór fram erfið kveðjustund. Við grétum bæði. Mér var loks vísað í einsmanna klefa, þar sem ég reykti þá ekki eins og strompur eins og ég geri nú. Enn og aftur lokaðist járnhurð á hæla mér, nú hvít en áður blá eins og á Litla – Hrauni. Svefninn var lítill þessa nótt. Snemma um morguninn heyrðust köll og hvísl. Samfangar mínir voru vaknaðir og mér heyrðist þeir vera að velta fyrir sér hver væri kominn. Loks var hurðinni á klefa mínum hrundið upp. Þar stóðu nokkrir og virtu fyrir sér nýja gripinn. Einn gekk fram og sagði: „Fyrir hvað ert þú hér?“ Ég horfði á hann og vissi ekki hvað ég átti að segja, það gekk allavega ekki fyrir mig að

segja að ég hefði skrúpað í sunnudagaskólann. Það eina sem ég kom upp var að ég væri ekki til í að tala um það, allavega ekki strax. „Ok“ sagði hann og bætti við: „Einn af þeim“. Hann fór fram og inn komu hinir sem höfðu fylgst með. „Ertu með eitthvað?“, sagði einn. Ég horfði á hann og vissi ekki hvað hann var að meina. Hann endurtók sig. Ég hristi haus. „Ok, viltu eitthvað?“, sagði hann þá. Ég hristi haus aftur.

Eftir að hafa verið í rakanum, svitalyktinni sem blandaðist að kanabis í nokkrar vikur kom til mín fangavörður og sagði mér að fara að pakka saman dótinu mínu, það ætti að flytja mig á Litla – Hraun á eftir. Þá fyrst hefst fangavistin sagði samfangi minn sem sat inni hjá mér og var að fræða mig um undirheimanna í Reykjavík.

Aksturinn á Litla – Hraun var langur, lengri en vanalega þarna austur. Bílstjórinn sagði fátt, spurði bara hversu langan dóm ég væri með. Loks komum við að stóra járnhliðinu, sem ég mundi svo vel eftir frá einangrunarvist minni. Hliðið opnaðist og lokaðist strax og við vorum komnir inni fyrir gaddavírsgyrðinguna. Á móti mér tók varðstjóri vaktarinnar og tjáði mér að ég ætti að vistast á gangi G3, það væri í gamla húsinu. Þegar ég kom á ganginn sátu fangar við hringborð og ræddu málín. Sumir litu upp er ég kom inn og til mín gekk einn fangi og rétti út höndina. „Velkominn á ganginn“, sagði hann og bætti því við að hann vissi hver ég væri. „Ok“, sagði ég „Og hver ert þú“, ég sá að það kom skríttinn svipur á hann, eins og ég hefði átt að vita hver hann væri. Einn sem sat rétt hjá sagði það vita allir hver hann er, hann er sjónvarpsstjarna og þekktasti smá krimmi landsins. Ég kinkaði bara kolli og fór inn í klefa minn, sem var við enda gangsins. Klefinn var lítill, boltaður beddi í gólfið, lítið borð við gluggann, líka boltað niður. Við hurðina í klefanum var klósett, eða einhver áltunna með engu loki. Fyrsta nóttin var erfið, ég hafði farið margar ferðir á dolluna, kastað upp og fleira sem líkaminn vildi skila. Lyktin var óbærileg í klefanum. Ég var feginn þegar fangaverðirnir opnuðu klefann aftur um morguninn og gegnumtrekkur kom. Ég náði loks að sofna, en vaknaði fljótt aftur þegar einhverjir fangar voru að pukra fyrir utan gluggann hjá mér. „Ertu þarna“, var kallað. Ég játaði því, ég var jú þarna. Þá var stungið eyrnapinna í gegnum gataða spjaldið í opnanlega glugganum. Ég tók við því og velti því fyrir mér hvað þetta væri. Við athugun mína var búið að vefja hassi á endann



á pinnanum. Ég kallaði út hvað ég ætti að gera við þetta, ég var þá beðinn að koma því til samfanga míns á ganginum. Þetta voru fyrstu kynni mín af fíkniefnum á Litla – Hrauni.

Seinna um daginn kom til mín fulltrúi frá fangelsismálastofnun með bréf til mín. Þar voru útreikningar hvenær ég væri á helming og tveimur þriðju af fangavist minni. Hvenær ég ætti möguleika að sleppa úr haldi, ef ég hagaði mér vel. Ég ákvað þarna strax að haga mér vel til að eiga möguleika á því að losna, kannski á helming. Svo er ég jú 75% öryrki. Heilsufar mitt er ekki gott, stanslaus svimi og uppköst. Svo hafði gamall djöfull komið aftur upp, það var þunglyndið.

Fangavistin gekk upp og ofan með allskonar uppá komum. Ég bar slef manna utan á mér mánuðum saman. Marinn á fótum og öxlum. Ég ákvað að halda mér við þá ákvörðun sem ég tók fyrsta daginn á Hrauninu, að haga mér vel og komast í gegnum vistina án þess að brotna. Loks breyttist eitthvað, það var ekki lengur gaman að níðast á mér. Ég var ekki lengur það fórnarlamb sem gaman var að niðurlægja, þeir fengu engin viðbrögð frá mér. Síðar leituðu samfangar mínir sem höfðu áður lagt mig í einelti og báðu um aðstoð vegna ýmissa mála sem þeir höfðu ekki svör við. Frá þeim degi hef ég verið í mikilli vinnu fyrir samfanga mína, kæra hitt og þetta og sækja um fyrir þá.

Nú var komið að því að sækja um helming. Ég hafði staðið mig vel í fangavistinni, komið vel fram við alla, samfanga mína og verðina. Ég sendi inn umsókn í fangelsismálastofnun. Ástæða umsóknar minnar var vegna heilsufarslegrar aðstæðna minna og góðrar hegðunar minnar. Ég beið svo óþreyjufullur eftir svarinu sem loks kom mánuði seinna. Svarið var stutt: „Ekki er hægt að taka mið af því að þú hagir þér vel í fangavist þinni, þar sem aðrir fangar haga sér vel líka“. Ég starði á bréfið og las það aftur og aftur. Var verið að segja mér að ég gæti neytt fíkniefna og verið með dólglæti í fangavist minni, að haga sér vel skipti engu máli. Þá fór ég að kynnast fíkniefnum fyrir alvöru. Dagarnir fóru að vera í móðu, ég hætti að hafa samband við mína nánustu og uppgjöf var komin í mig. Hver var tilgangurinn að standa sig, þegar ekkert var tekið mið af því. Ég horfði á eftir föngum sem höfðu verið í fíkniefnum alla

sína vist fara úr fangelsinu, en ég sat eftir.

Og nú var komið að sækja um áfangaheimili, það var farið að stytast í tvo þriðju af fangavist minni. Ég var loks farinn að sjá fyrir endann á vist minni á Litla – Hrauni. Ég sendi bréf til fangelsismálastofnunar, talaði ekkert um hegðun mína þá, enda vissi ég að það skipti engu máli. Samt var ég búinn að koma mér út úr öllum fíkniefnum og hegðun mín var góð. Loks kom svarið. „Ákveðið hefur verið að hafna þér um dvöl á áfangaheimili Verndar“. Nú var ég orðlaus. Flest allir mínir félagar í fangelsinu höfðu farið á áfangaheimilið. Seinna var mér sagt að Vernd hefði tekið upp nýjar starfsreglur eftir einhvern Kompáspátt. Áfram varð ég að sitja í fangelsinu.

Ég sótti um að komast í starfsþjálfun í Reykjavík. Ég fékk jákvæð svör frá fangelsismálastofnun og síðar í mánuðinum fékk ég að fara í bæinn að vinna. Nú var loks eitthvað jákvætt að gerast. Þegar leið á fór varasjóður minn að dvína, kostnaðurinn við að aka á milli var rúm sjötíuþúsund á mánuði og ég var í launalausri vinnu. Dagarnir liðu og tveir þriðju var að renna upp. Nú var komin tími til að sækja um aftur, þar sem flestir fá reynslulausn á tveimur þriðju. Nú beið ég eftir svari eins og áður og loks kom bréfið. „Ekki er hægt að veita þér reynslulausn fyrr en þú hefur farið í gegnum áhættumat“. Þetta var víst ný regla hjá stofnuninni. Enn ein óvissan í fangavist minni tók við. „Er ég virkilega svona hættulegur“, hugsaði ég með mér. Nokkrum dögum fyrir tvo þriðju fékk ég svo bréf að ég mætti fara út af Litla – Hrauni, þar með lauk skrautlegri fangavist minni. ■

“Ekki var hægt að taka mið af því að ég hagaði mér vel í fangavist minni, þar sem aðrir gerðu það líka”.



Staðan er sú sama og áður ...

Í framhaldi af grein um brunavarnir í fangelsinu Litla-Hrauni, sem birtist í síðasta tölublaði TÍMAMÓTUM, kom Björn Karlsson, brunamálastjóri til fundar við stjórnarmann AFSTÖÐU. Í för með honum var eftirlitsaðili fyrir Brunavarnir Árnessýslu og deildarstjóri fangelsisins Litla-Hrauni. Þeir höfðu farið um fangelsissvæðið og skoðað húsbyggingar með brunavarnir að hliðsjónum. En þrátt fyrir að brunamálastjóri hafi gert ýmsar aðfærslur við úttekt sína taldi hann ekki vera brýn þörf til að beita sér fyrir úrbótum, eins og hann sagði. Með því lét hann í ljós að mati greinahöfundar að mannslíf fanga væri ekki jafnt metið eins og líf almennra borgara, ekki var neitt um þetta að finna í lögum um brunavarnir nr. 75/2000 né Byggingarreglugerð nr. 441/1998. Greinahöfundur sem hefur unnið við brunahönnun í fjölda ára sá strax að hér á Litla-Hrauni, að ekki var allt með felldu. Ýmsir annmarkar má sjá í brunavörnum bygginganna á Litla-Hrauni. Helgast þetta að mestu leyti því að byggingarnar eru gamlar og fullnægðu því ekki breytingum á lögum árið 2000. Þrátt fyrir það er ekki hægt að fela sig bakvið þá skilgreiningu, því að bera skal að breyta byggingu eins og unnt er, til að uppfylla skilyrði laga. Eingöngu væri hægt að beita fyrir sér lögum um minjavernd til þess eins að komast hjá mikilvægum breytingum. Lögum um minjavernd getur heldur ekki átt hér við þar sem elsta híbýlið er byggt eftir 1970.

Samkvæmt forsíðugrein sem birtist í Morgunblaðinu í september á þessu ári, þá segir Bjarni Kjartansson, sviðstjóri forvarnarsviðs Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins að veitingamaður skemmtistaðar á höfuðborgarsvæðinu hafi sýnt vítavörð og glórulausa ósvífni með því að hafa flóttaleið læstar. Hér má benda á að hvorki Brunamálastjóri né eftirlitsaðili fyrir Brunavarnir Árnessýslu lét uppi svona stór orð við úttekt á brunavörnum í fangelsinu Litla-Hrauni. Bjarni heldur áfram að telja upp þá hættu sem skapast getur með því að hafa flóttaleiðir læstar, þannig hafa erlend dæmi sýnt að einhver þau mestu brunaslys sem verða, hafa kviknað á fjölmönnum stöðum þar sem flóttaleiðum hafi verið lokað. „Yfirleitt heldur fólk ró sinni á meðan hús eru rýmd ... og svo kemur það að harðlæstum dyrum ... Á þessum tíma er reykurinn orðinn það mikill að það [fólkið]

kemst ekki til baka. Það bara deyr!“, sagði Bjarni.

Greinahöfundur er kunnugt um að sú athugun sem gerð var í sumar, í kjölfari fyrrnefndar greinar sem birtist í síðasta tölublaði TÍMAMÓTA, af starfsmanni Brunavarna Árnessýslu og Brunamálastjóra hafi verið ábótavant. Þetta kom t.a.m. fram við reglulegt viðhald sem framkvæmt var á húsbyggingum fangelsisins Litla-Hrauni nú fyrir skömmu, nokkuð eftir úttekt Brunamálastjóra. Sú vitneskja hefur leitt í ljós að t.d. ljósgjafar sem sýna hvar neyðarútganga er að finna í flóttaleið voru óvirkir, sem hefði ekki komið að gagni ef eldur kæmi upp.

Ítrekað hefur verið reynt að fá úr þessu bætt án neins árangurs. Þá var m.a. haft var samband við Brunamálastjóra og fangelsið Litla-Hrauni vegna þessa máls.

Enn eru flóttaleiðir á húsi 3, læstar að utan með hengilás svo og eru klefar á vistaveru fanga í þeirri byggingu læstir með slagbrandi og hengilás.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem greinahöfundur hefur undir höndum svo af eigin reynslu, þá myndi þetta ástand ekki vera liðið ef um aðra starfsemi en fangelsi væri að ræða. Þá getur greinahöfundur ekki litið öðruvísi á en líf fanga í fangelsum sé minna metið en hins almenna borgara, með hliðsjón að ofangreindu. ■



Sr. Hreinn S. Hákonarson
fangaprestur þjóðkirkjunnar

Uppreisn á jólum ...

Jólin eru alveg makalaus tími. Áður en maður veit af eru þau komin aftur – það var svo stutt síðan að þau kvöddu. Þannig er í það minnsta mörgum innanbrjósts þegar jólin eru annars vegar. Nú nálgast þau með þunga sínum sem má sjá í auglýsingaflóði í blöðum og sjónvarpi. Og jólabókaflóðið er þegar farið af stað. Jólalög tekin að óma og ljós tekin að skína á ótrúlegustu stöðum. Allt miðast við þann dag er jól ganga í garð og myrkrið víkur með nánast formlegum hætti fyrir birtunni. Nú rýnum við spennt út í myrkrið og viljum sjá ljósið koma langt og mjótt inn í heiminn.

Jól verða alltaf til hvaða innihaldi sem menn kjósa að gefa þeim. Hvort heldur það er nú innihald kaupmennskunnar eða hlaðborðanna. Jafnvel þeir sem ekkert vilja af jólum vita og telja þau hégóma og æði sem rennur á þjóðina geta ekki komist undan þeim frekar en veðrinu.

Við getum semsé aldrei komist hjá jólahátíðinni. Hún snertir okkur öll með ýmsum hætti. Bæði þægilegum og líka stundum óþægilegum. Og jólin

snerta ekki síst þá sem þurfa að eyða þeim í fangelsi. Fjarri fjölskyldu og vinum.

Jól í fangelsi eru ólík öllum jólum. En birta jólanna og fögnuður nær engu að síður þangað inn en þó með sínum hætti. Jól í fangelsi verða alltaf eftirminnileg jól jafnvel þótt reynt sé að gleyma þeirri reynslu. Það er nefnilega í eðli okkar að reyna að gleyma óþægilegri reynslu – og sem betur fer liggur við að segja. Stundum getur reyndar óþægileg reynsla verið okkur nauðsynleg til áminningar og til að koma í veg fyrir að við göngum aftur í fúlan pytt.

Hvergi annars staðar en í fangelsi ættu menn hins vegar að fagna jólum innilega í hjarta sínu og huga. Jól vekja upp nefnilega gleði jafnvel þótt í slæmum aðstæðum sé og enda þótt menn vildu svo sannarlega vera annars staðar en í fangelsi þá þau banka upp á. Jólin geta varpað yl og skæru ljósi á kalda og dimma staði. Einfaldlega vegna þess að þau boða kærleika. Boða að sá er gefur okkur lífið kemur inn í heiminn og lætur sér annst um okkur. Auðsýnir okkur kærleika sem kannski fáir vilja gera. Horfir á okkur sem manneskjur með kostum og göllum. Einblínir ekki á gallana heldur kostina. Segir okkur að við séum dýrmæt í augum gjafara lífsins. Hver og einn er óendanlega dýrmætur í huga hans og hann vill að kærleikur sinn endurspeglis í verkum okkar. Góðum verkum og ljúfum. Jólin kalla á okkur til að ganga fram í kærleika gagnvart hverjum einasta manni. Jólin eru þannig séð uppreisn gegn einelti, andúð og hatri. Uppreisn gegn öllu því sem vill skaða okkur mennina. Góð uppreisn sem leiðir til betra lífs og aukins náungakærleika sem alls staðar skortir. Ekki bara í fangelsi, líka í öllu þjóðfélaginu, kirkjunni, stjórnmalunum, menningunni og þannig mætti lengi telja. Jólin eru uppreisn kærleikans í köldum heimi, í hörðum hjörtum og sjálfselskufullum huga.

Hver vill ekki taka þátt í uppreisn jólanna? Láta yl þeirra og ljós leika um staði sem annars eru dimmir og kaldir.

Guð gefi okkur öllum gleðileg jól og farsælt komandi ár!



Erfiðast að vera frá fjölskyldu sinni ...

Á móti mér situr stór og mikill maður, hann er rétt að skríða á fertugsaldurinn. Hann er alltaf glaður, brosir og hlær mikið, sérstaklega þegar hann kemur með íslensk orð. Flest orðanna eru nefnilega blótsyrði. Hann er frá Hollandi og talar því litla íslensku, en er þó fús að læra, þá aðarlega að blóta á íslensku. Hann er með þann titil í fangasamfélaginu að vera kallaður erlendur fangi eða útlendingur.

Mér lék forvitni á að vita hvernig hann tæki dóminn út í íslensku fangelsi, svo langt frá fjölskyldu sinni. Hann hefur dvalið á Litla – Hrauni til nokkurra ára og á töluvert eftir. Hann er faðir og eiginmaður. Hann sýnir mér mynd af fjölskyldu sinni. Þar er konan hans og þrjú börn, yngsta aðeins eins árs. „Ég hef óskað eftir því að klára dóminn minn í Hollandi, þá er þægilegra fyrir fjölskyldu mína að heimsækja mig“, segir Hollendingurinn og festir aftur myndina á korktöfluna fyrir aftan sig. Kona hans og börn reyna að heimsækja hann í einhver skipti á ári, en það er kostnaðarsamt.

Fanginn hefur setið inni í fjögur skipti áður í Hollandi og Karíbean. Hann hefur því mikla reynslu af fangelsiskerfi víðsvegar um heiminn. „Fangelsin eur mun mannúðlegra hérna,

miðað við það sem ég þekki, alveg himinn og haf. Fangaverðirnir eru mjög fínir hér og ef þú kemur vel fram við þá koma þeir vel fram við þig. Í hinum fangelsunum sem ég hef verið í vilja þeir bara ráðskast með þig og koma illa fram við þig. Á Íslandi höfum við svo Svölu fangavörð“, segir Hollendingurinn og hlær. Hann segir að hann eigi mun auðveldara með að aðlagast fangelsiskerfinu hér, heldur en þar sem hann hefur verið vistaður áður. Hann hafi næga vinnu í fangelsinu og hér væri fínir einstaklingar meðal fanganna. „Samt er ekki nógu mikil betrun í gangi í

fangelsinu, sérstaklega fyrir útlendinga“, segir hann. Þegar ég spyr út í það hvort hann komi betri maður út brosir hann og segir að hann haldi það ekki. „Ég hef setið svo oft inni að þetta breytir mér ekki, þetta er lífið sem ég kaus mér“. Þegar hann er spurður af því hvort fangelsiskerfið hafi boðist til að hjálpa honum á rétta braut er svarið einfaldlega „Nei“.

Þar sem mikið er af útlendingum á Litla – Hrauni hafa vaknað upp spurningar hvort erlendar glæpaklíkur hafi haslað sér völl á Íslandi. Hvort einhverskonar net sé stofnað á Litla – Hrauni. Þegar ég spyr hann út í þessi mál, hallar hann sér aftur og rétti fram höndina, líkt og hann væri að stoppa mig. Svarið sem ég fékk var: „No Comment“.





Uppbygging líkama og sálar ...

Á Litla - Hrauni hefur ástundun og virkni í íþróttamálum aukist mjög það sem af er á árinu. Fangar eru byrjaðir að hvetja hvern annan til íþróttaiðkunar. Aðstaðan sem búin er að föngum til íþróttaiðkunar í fangelsinu er lítil og takmörkuð. Salur sem búinn er tækjum til lyftingar er lítill og fáir komast að í einu. Búið er að koma á sér tíma fyrir þá fanga sem ekki hafa sökum hugsanlegs eineltis getað stundað æfingar með öðrum föngum. Þessi nýbreytni er mikið notuð og lofar góðu að sögn þeirra er tíman stunda.

Greinarhöfundur ræddi við einn fanga sem hefur snúið við blaðinu og gert róttækar breytingar í sínu lífi. Hann stundar nú alla þá hreyfingu og hreysti sem hann kemst í innan múranna. „Íþróttir eru leið til betrunar, þær halda fólki í þjálfun, leysa streitu, brjóta upp daginn sem getur verið mjög einhæfur þar sem ekki er hægt að skreppa í bíó eða í keilu þegar maður vill og einfaldlega gefur af sér vellíðan og hreinsar líkamann. Fangelsið ætti að gera vel í því að hvetja fanga í að stunda íþróttir og samskonar áhugamál“, sagði fanginn í samtali við greinarhöfund.

Það er búið að vera draumur fanga í nokkur ár að fá gervigrasvöll þar sem völlurinn sem er í notkun núna á Litla – Hrauni er malarvöllur. „Hann er í mjög lélegu ástandi og oftast en ekki þarf að viðhalda honum það mikið að ef spilað er á honum í um 45 mínútur þarf að slétta hann útaf holum sem myndast og getur það slasað menn. Einnig þegar hann rignir safnast vatnið fyrir í stórum ójöfnum sem gerir það ómögulegt að spila á honum“.

Mörg fótboltalið hafa komið á Litla – Hraun og att kappi við fanga. Allir leikir hafa farið vel fram og eru

mikil tilhlökkunarefni meðal fanga að fá gesti í heimsókn til að keppa við.

„Einnig var haldið aflraunarmót hér í sumar og var þátttakan með því besta sem hægt var að vonast eftir. Þeir komu hingað Hjalti Úrsus og Orri. Þeir hvöttu strákanna okkar áfram auk þess að veita verðlaun. Þeir sem ekki kepptu komu út að horfa á, það myndast alltaf ákveðin stemming í kringum alla íþróttatburði sem eru haldnir hér og halda þeir mönnum við efnið og hvetja þá áfram“, segir fanginn í samtali við Tímamót. Það var áfangaheimilið Vernd sem stóð fyrir þessu móti, en það var haldið í fyrsta skipti nú í sumar. Til stendur að hafa keppnina árlegan viðburð.

Allar æfingar hjálpa föngum við álag, streitu og mótlæti sem þeir lenda í á hverjum degi í fangavist sinni. Viss sjálfsagi öðlast við reglulegar æfingar. Sá agi skilar sér í öllum þeim markmiðum eða verkefnum sem fanginn tekur sér fyrir hendur og við árangur þróast metnaður. Meira er hugsað um hvaða matur er settur ofan í sig og hvaða áhrif það hefur á árangur. Regla og þjálfun kemst í ávana þegar einstaklingar fara að stunda þetta til lengdar og oftast en ekki verður þetta að lífsstíl hjá mörgum föngum sem hrylla við tilhugsunina um hvað þeir tapa í árangri með því að setja í sig eiturlyf.

„Þetta er framtíð þín og líkaminn þinn sem þú býrð að alla ævi, sjálfsagi, metnaður, sjálfsvirðing og vellíðan er aðeins nokkrir hlutir sem hlýst af við reglulega hreyfingu og það þarf alltaf eitthvað til að fylla skarðið sem verður til við að breyta til í lífinu og íþróttir hafa hjálpað mörgum föngum í þeim efnum og hafa margir enduruppgvötað sjálfa sig við reglulega þjálfun“, segir viðmælandinn í lokin. ■

Sr. Hreinn S. Hákonarson
fangaprestur þjóðkirkjunnar

Geta fangar valið? ...

Samfélagið er því sammála að viss grunngildi sem endurspeglast í lögum þess geti búið mönnum hamingjuríkt líf séu þau virt. Líf sem sé þessi virði að því sé lifað sjálfum sér og öðrum til ánægju og gagns.

Stundum er sagt að betrun skuli fara fram í fangelsisvist. Ástæða þess er einfaldlega sú að brotamaðurinn hefur almennt orðað hegðað sér illa að mati samfélagsins og er af þeim sökum kominn í fangelsi. Hefur brotið lög þess – brotið þann ramma sem settur er utan um mannlegt félag í því skyni að þar fari allt fram sómasamlega og með reglu. Betrun er yfirlýsing samfélagsins um það að viðkomandi einstaklingur þurfi að taka sig á í lífinu svo hann virði þennan ramma þegar út er komið.

Fangelsi er semsé svar samfélagsins við alvarlegum afbrotum - lokaður staður í frjálsum samfélagi. Svar fullt vanþóknunar yfir þeim athöfnum frjálstra manna sem vega að grunngildum þess. Þar dvelja fangar um skamma hríð eða langa vegna þess að sú krafa er ætíð lífandi úti í samfélaginu að þau sem brjóta lögin skuli tekin úr umferð. Þau eigi að fá rauða spjalðið. Viðhorfið endurspeglar nauðsyn til að refsa. Það örlar líka á ósk um að refsingin skili einhverju jákvæðu. Betri manni og skikkanlegri því allir koma aftur út í samfélag frjálstra manna.

Samfélagið endurspeglast að hluta til í þeim kjörum sem brotamönnum eru búin í fangelsum.

Margur fanginn kemur inn til afplánunar í ójanfvægi og það tekur hann stundum tíma að ná áttum. Lífsstíll hans hefur oft mótast af óreglu og skefjalausri nautnasýki. Hann hefur verið sinn eigin herra í smáu sem stóru. Þolinmæðisþröskuldurinn er lágur og það þarf andlegan styrk til að horfast í augu við þrenginguna sem fangelsisvistin hefur í för með sér. Auðvelt er í fangelsi að hafa allt á hornum sér – vistin er svo að dregið hefur úr möguleikum fangans

til samskipta og eðlilegs lífs. Þess heldur þarf fanginn í andstreymi sínu á jákvæðum stuðningi að

halda.

Það er gamalt viðhorf að refsing brotamanns skuli vera í sem líkustu hlutfalli við afbrot hans. Hann megi ekki hagnast á broti sínu hvorki andlega né veraldlega. Refsingin verði í raun að vera ögn þyngri en sá ávinningur sem hann hafði af broti sínu. Skiptir þá ekki máli hvað rak menn til afbrota – hvort það var nú nautnasýki, eigingirni, félagsleg neyð o.s.frv.

Þess vegna eru dómar mislangir. Tíminn er álitinn eitt það dýrmætasta sem hver maður hefur yfir að ráða. Frjáls tími úti í samfélagi frjálstra manna. Liðin stund kemur aldrei aftur hvort sem hún er lifuð í fangelsi eða utan þess.

Fanginn er ekki lengur yfirráðamaður síns eigin tíma. Hann verður að lúta öðrum þegar komið er að ráðstöfun hans. Þá blasa við honum erfiðleikar sem leysast ekki nema farið sé í gegnum þá. Þar er fanginn sjálfur lykilmáður og ræður að mestu leyti um viðbrögð sín eða verður fórnarlamb þeirra. Hans er að velja. Hvernig á hann að verja tíma sínum til góðs? Bjóða aðstæður hans upp á eitthvert val? Verður hann betur í stakk búinn til að takast á við flókið líf nútímamannsins og kröfuhart eftir að hafa verið í fangelsi?

Þá er líka mikilvægt að spyrja: Hvernig nýttir þú tímann sem þú varst í fangelsi? Og: Hvernig studdi samfélagið við þig í afplánuninni? Kom það til móts við þig? Réðir þú því sjálfur hvernig tíminn var nýttur? – Það sem þú velur í dag ræður nefnilega miklu um það sem gerist á morgun.

Nú horfa menn bjartsýnum augum til þess að nútímaleg og mannúðleg sjónarmið verði efld í fangelsum. Þau sjónarmið fela í sér þetta gamla orð, *betrún*. En þau skírskota ekki aðeins til brotamannsins heldur og til alls samfélagsins: Að brotmönnum verði búin betri kjör innan fangelsis til þess að auðvelda þeim að ganga út í samfélagið sem nýtir þegnar. Það er allra hagur. ■

Þú hlýtur að gera þér grein fyrir, hversu leiðinlegur þú ert, þegar spegilmynd þín lætur ekki sjá sig frekar en aðrir, þegar þú reynir að fá fólk til þín.



Það skiptir ekki öllu hversu margir vilja umgangast mann, eða hversu hópurinn sé stór sem það vill. Heldur skiptir þeir öllu sem nálagt okkur vilja vera og elska okkur án skilyrða.

Slíkir eru ríki dæmi þess er á ...



Það skiptir ekki öllu hver þú ert að morgni. Heldur hvað þér hefur unnist vel úr deginum, til að þess að þú sjáir hver þú ert að kveldi.



Það er ekki hversu leiðinlegur þú ert sem vekur athygli mína, sagði læknirinn. Heldur það sem stríðir gegn öllum lögmálum sem mennirnir þekkja, hversu spegilmynd þín er mikið leiðinlegri en þú, og var það nóg samt.



Þú veist það þá að þú hefur með fíflalátum þínum fyrir framan spegilinn farið yfir öll velsæmismörk þegar spegilmynd þín horfir á þig með hneykslissvip og dregur niður borða sem á standur!! Lokað vegna bilunar.

HRÍMIR HEFUR ORÐIÐ



Jú það hlýtur að vekja þig til sjálfsskoðunar, þegar konan þín slær þig í andlitið og hreytir í þig ónotum. En ég veit ekki hvað þú átt að hugsa, þegar spegilmynd þín gerir það við þig líka.

Viltu hætta að reykja?

ókeypis aðstoð
á gagnvirku heimasíðunni

reyklaus.is



Fíkniefni og neytendur ...

Fíkniefni komu fyrst fram á sjónarsvið á læknasviðum og átti að nota þau fyrst til góðs en urðu síðan misnotuð. Alveg eins og hægt er að misnota áfengi gildir það sama um fíkniefni. Fíkniefnaheimurinn er mun stærri hér á landi en fólk gerir sér grein fyrir. Líta má á tölur frá Fangelsismálastofnun ríkisins í þeim efnum. Afplánun er tengjast fíkniefnum hefur fjölgað gríðarlega síðustu árin. Einnig er talið að um 70% þeirra fanga sem taka nú út dóma eigi við áfengis- eða fíkniefnavanda að etja.

Fólk sem neitir fíkniefna að jafnaði myndu misnota áfengi auk annarra efna ef efnin væru ekki til staðar. Það er einfaldlega að flýja ábyrgð og raunveruleikan sem getur verið dimmur og leiðinlegur. Fleiri gerðir af efnum til að misnota gefur þeim einungis meiri möguleika auk freistinga til að stjórna hvernig tilfinningar þeir vilja upplifa. Með mörgum gerðum af fíkniefnum getur manneskja stjórnað líðan sinni upp að vissu marki þangað til líkaminn er búinn að fá nóg.

Nokkrar gerðir eru af fíkniefnaneitendum og ekki er hægt að flokka þá í einn flokk. Sumir fara með þetta eins og vínið um helgar tvisvar í mánuði. Aðrir gera þetta jafnvel bara tvisvar til þrisvar á ári og er það fólk frekar í eldri kantinum. Sumir stunda neyslu vegna lítils sjálfsöryggi og aðrir stunda neyslu einungis vegna hversu félagslegt athæfi það er. Þetta fólk virðist hafa lítil áhrif á samfélagið í heild sinni nema þá kannski menn með lítið sjálfsöryggi og minnimáttarkennd sem vilja sanna sig og fá meira sjálfstraust til að gera það undir efnum og þá einna helst eru það líkamsárásir sem

þeir gerast sekir af.

Síðan kemur af þeim sem eru að flýja raunveruleikann og stunda það að vera endalaust í vímu og vilja ekki vera edrú. Þeir gera allt til að ná sér í næsta skammt og oftar en ekki byrjar þetta sem minnimáttarkennd sem þróast í algera grimmd og öll samkennd virðist hverfa. Þeir hugsa bara innávið og hugsa ekki um neitt nema eigin vellíðan. Þeir stunda glæpi svo sem, líkamsárásir, innbrot, sölu og alls konar smáglæpi. Þar sem öll siðferðiskennd hverfur eftir langa neyslu fylgja þeir ekki lengur smálögum eins og stöðvunarskyldu við rauðljós eða borga sektir.

Enn aðrir sjá fíkniefnamarkaðinn sem gróðavon því á Íslandi er verðið mjög hátt miðað við nágranna þjóðir okkar. Margir hafa fallið í það far að reyna að nýta sér auðveldan hátt til að afla sér peninga án mikillar fyrirhafnar og neinnar menntunnar. Það má að vissu leiti kalla það gullæði unglunga hér á landi síðustu ári.

Miklum fjármunum er eytt í að sporna við innflutningi eiturlyfja, meðferð við fíklum, rekstri á fangelsum sem hýsa menn sem hafa komist í kast við lögin gegnum fíkniefni og löggæslan auk auka deildum innan hennar sem fylgir auknum glæpum vegna fíkniefna heimsins.

Glæpir útfrá dýru verði efna verða algengir. Þar má telja upp innbrot, handrukkanir, rán auk alls konar svindla eins og korta og ávísuna svindl. Af sjálfsögðu er fólk sem einfaldlega vinnur fyrir fíkniefnum sínum með

venjulegum vinnum en þeir sem eru djúpt sokknir hafa flest allir stuttan hugsunarhátt og pæla ekki í framtíðinni heldur bara núinu. Þar af leiðandi vilja þeir mikla peninga á sem stystum tíma.

Fjölskyldur fara mjög illa útúr neyslu meðlima sinna. Oftar en ekki þurfa fjölskyldur að svara fyrir verknað þess sem er í neyslu og jafnvel stundum kennt um. Fjölskyldur hafa þurft eiga við að meðlimur þeirra steli af þeim, hóti þeim og þær þurfa að borga skuldir þeirra og horfa upp á meðliminn eyðileggja líf sitt og annarra í kringum sig. Fjölskyldur hafa lent í því að þurfa að horfa upp á meðlim sinn sem aldrei var neitt nema góðhjartaður verða að dimmum manni sem hefur ekkert siðferði né enga samkennd og verða að allt öðrum manni heldur en hann var sem barn.

Einstaklingur sem er í neyslu og vinnur sér inn með glæpum er ekki einungis að hafa slæm áhrif á samfélagið með glæpum sínum og verknaði heldur einnig með engum verknaði. Neytandi sem vinnur ekki í samfélaginu og lifir á því sem blóðsuga er ekki að vinna inn tekna fyrir samfélagið og ekki að þróa það. Einnig er innflutningur á ólöglegum eiturlyfjum á Íslenskum markaði mikill og telur á hundrað milljóna á ári sem eytt er í efni frá öðrum löndum.


Ýmsar stofnanir vinna við forvarnir á fíkniefnum. Þar á meðal má telja KFUM, Götusmiðjuna, AA og SÁÁ. Mismunandi forvarnir eru stundaðar hjá mismunandi stofnunum en allar eru þær á því að hefta bæði framboð

og eftirspurn. Sumar hugsa um börnin sem ekki eru enn komin í fíkniefni og reyna að telja þeim trú að sú leið liggur ekkert. Aðrar einbeita sér að fíklum og að ná þeim af efnunum.

Ríkið leikur stóran part í forvörnum fíkniefna. Þeir setja lög um innflutning og banna efnin, lög um dreifingu efna sem leyfð eru, aldurstakmörk á neytendum (áfengis til dæmis) og lög um verðlagningu og auglýsingar.

Til að hafa áhrif á eftirspurn fíkniefna er meðal annars upplýsingarstarf, áróður, hvatning og þekking um efnin til að fá fólk til að neyta þeirra ekki.

Fíkniefni leiða af sér slæma hluti svo einfalt er það. Það er búið að sýna fram á það gegnum tíðina. Á Litla – Hrauni er afleiðing neyslunnar í sinni verstu mynd. ■



LÍFIÐ EINS OG
ÞAÐ Á AÐ VERA



ÉKTA BRAGÐ OG ENGINN SYKUR

coke is